

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslu-
miðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. tölul. 9. gr. laganna orðast svo:

Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra setur reglur um skiptingu fjár milli samtaka sem getið er í 2. og 3. tölul. 1. mgr. Skal við þá ákvörðun taka mið af fjölda félagsmanna sem við fiskveiðar vinna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

Nr. 46

1. júní 1992

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af yfirskattanefnd nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri sendir yfirskattanefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá yfirskattanefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir yfirskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfs-